

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um Evróputilskipun um fráveitumál.

Frá Ólafi Adolfssyni.

- Hver er staða innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/3019 um hreinsun skólps frá þéttbýli á Íslandi og hvaða vinnu hefur ráðuneytið hafið í tengslum við undirbúning hennar?
- Hefur verið lagt mat á hvaða breytingar verði nauðsynlegt að gera á íslenskri löggjöf og framkvæmd fráveitumála til að uppfylla skilyrði nýju tilskipunarinnar?
- Hvaða áhrif er búist við að tilskipunin hafi á sveitarfélög með tilliti til fjárfestinga, rekstrar og framkvæmda?
- Hvenær má vænta þess að tilskipunin verði innleidd í íslensk lög á Alþingi?

Skriflegt svar óskast.